

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 1997

Nr. 447

940

9. júlí 1997

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 373, 20. júní 1997,
um loðnuveiðar 1997/1998.**

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo: Óheimilt er að dæla afla úr nót veiðiskips um borð í flutningaskip eða annað veiðiskip eða flytja óvígtaðan afla milli skipa með öðrum hætti. Fáí loðnuskip það stórt kast, að skipið beri ekki allan þann afla, sem er í nótinni, er þó heimilt að dæla eftirstöðvum aflans úr nótinni um borð í annað veiðiskip, enda hafi bæði skipin aflamark í loðnu. Ávallt skal loðnuafli skráður sem afli þess skip, sem aflanum er landað úr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. júlí 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 448

11. júlí 1997

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.**

1. gr.

1. mgr. 21. gr. orðist svo: Útgerðum skipa með fullvinnsluleyfi er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. júlí 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.